

SORPA bs.

Borgarráð Reykjavíkur
Tjarnargötu 11
101 Reykjavík

Reykjavík 13.12.2019

Svar við fyrirspurn frá áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um vindvél sem aðskilur plast frá öðru sorpi - R19110392 frá 28. nóvember 2019.

SORPU barst ofangreint erindi með tölvupósti þann 2. desember og var fyrirspurnin kynnt á fundi stjórnar SORPU bs. þann 6. desember 2019 þar sem framkvæmdastjóra var falið að svara fyrirspurninni.

Svör SORPU geta einungis fjallað um þann hluta fyrirspurnarinnar sem snýr að skilgreindu hlutverki SORPU bs.


Í upphafi er rétt að taka undir og áréttá þá spurningu sem kemur fyrst fram í fyrirspurninni. Í því sambandi er vert að vekja athygli á því að í eigendastefnu SORPU sem samþykkt er af öllum eigendum er sérstaklega tilgreint í grein 3.1.2. „Þjónustusýn SORPU bs. er að tryggja heildarsamræmi í úrgangsmálum á höfuðborgarsvæðinu, samfélaginu öllu til hagsbóta.“ Í stefnumótun stjórnar SORPU bs. 2015 – 2020 er sama málefni ávarpað í framtíðarsýn stjórnar: „SORPA bs. leiði heildarsamræmingu úrgangsmála á starfssvæði sínu og tryggi þannig að málaflokkurinn sé til fyrirmyndar, samfélaginu öllu til hagsbóta.“ Hins vegar er málum þannig skipað, að hvert sveitarfélag um sig skipuleggur og er ábyrgt fyrir sorpsöfnun og þar með fyrirkomulagi í sínu sveitarfélagi. SORPA bs. getur því ekki verið gerandi í þeim efnum – verkefnið er einfaldlega ekki á verksviði samlagsins.

Sú vél sem um ræðir og fjallað er um í fyrirspurninni var keypt vegna óska fjögurra eigenda SORPU (Hafnarfjarðar, Mosfellsbæjar, Garðabæjar og Seltjarnarnesbæjar) um að SORPA byði upp á aðra leið til flokkunar en þær sem Reykjavíkurborg og Kópavogur völdu. Þegar vélin var keypt var vitað að Reykjavíkurborg og Kópavogur myndu ekki nýta þá þjónustu enda var keypt minni vél en annars hefði verið gert. Vélin getur því í dag ekki annað öllum sveitarfélögum.

Vegna þess sem haldið er fram í fyrirspurninni þá er rétt að áréttá að sú fullyrðing stenst ekki að Reykjavíkurborg hafi lítið vægi í stjórn – Reykjavíkurborg hefur vægi í samræmi við íbúafjölda á sama hátt og allir aðrir eigendur.

Hvað varðar aðrar spurningar sem fram koma í fyrirspurninni þá er rétt að vísa á þau svið og þær deildir innan Reykjavíkurborgar sem hafa með viðkomandi málefni að gera.

Virðingarfyllt,
f.h. SORPU bs.



Björn H. Halldórsson
framkvæmdastjóri